



Fjölmenni var á fundinum með heilbrigðisráðherra.

Lionsklúbbur Sandgerðis:

Heilbrigðisráðherra í heimsókn

Á fund Lionsmanna í Sandgerði bar góðan gest að garði er Guðmundur Bjarnason, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, kom í heimsókn. Flutti Guðmundur mjög greinargott erindi um heilbrigðis- og tryggingamál, auk þess að fara í gegnum fjárlög ráðuneyta sinna. Erindi Guðmundar var mjög áhugavert og spennust af því góðar og málefnalegar umræður er stóðu fram eftir kvöldi. Í fundarlok færði Jónas Gestsson, formaður Lionsklúbbs Sandgerðis, Guðmundi fána klúbbsins og þakkaði honum fyrir komuna.



Formaður Lionsklúbbs Sandgerðis, Jónas Gestsson, afhenti Guðmundi Bjarnasyni fána klúbbsins í þakklætisskyni.

Borgarafundur í Njarðvík

Hinn árlegi borgarafundur fyrir Njarðvíkinga um fjárhagsáætlun bæjarins mun fara fram í Stapa n.k. mánudag. Fyrri umræða hefur þegar farið fram í bæjarstjórninni og hin síðari mun fara fram á næsta bæjarstjórnarfundinum nú fljótlega eftir mánaðamótin.

Varnarliðs-bifreið valt

Lögreglan í Grindavík varð að kalla út bæjarstarfsmenn í Grindavík á miðnætti síðasta föstudagskvölds til þess að hreinsa aðalgötu bæjarins niður að höfn, svo vörubílar kæmst niður á höfnina til að sækja loðnu úr skipum.

Voru ökumaður varnarliðsbifreiðarinnar og tveir farþegar fluttir slasaðir á hersjúkrahúsið á Keflavíkurflugvelli.

Hreinsað fyrir loðnu

Lögreglan í Grindavík varð að kalla út bæjarstarfsmenn í Grindavík á miðnætti síðasta föstudagskvölds til þess að hreinsa aðalgötu bæjarins niður að höfn, svo vörubílar kæmst niður á höfnina til að sækja loðnu úr skipum.

Annars var helgin róleg hjá Grindavíkurlögreglunni en eitthvað var þó um útköll í heimahús sökum ölvunar.

Börnin og við:

Andlegar breytingar tengdar meðgöngu og fæðingu

Markmið okkar hjá félaginu *Börnin og við* er fyrst og fremst áhugafélag um brjóstagið og að veita aðstoð þeim foreldrum er þess óska. Einnig hefur áhugi okkar á barninu og uppeldi þess stór ítök í okkur og höfum við fengið til liðs við okkur ýmsa fyrirlesara til að gefa okkur góð ráð og auka þekkingu okkar á þessum málum. Hefur þetta mælst vel fyrir og áhugi fólks verður mikill.

Við fengum fyrir jólin Önnu Helgadóttur, kvensjúkdómalækni, og fjallaði hún um fósturlát. Var rætt um kaffi og kökum og svaraði hún spurningum gestanna. Var þetta mjög áhugaverður fundur og fór maður heim margs vísari.

Í desember fengum við Inga




Gunnlaugsson tannlækni til að minna okkur á að bursta tennurnar í börnunum og fjallaði hann almennt um tann-

hirðu barna og sykurneyslu.

Á mánudaginn ætla Sólveig Þórðardóttir ljósmóðir að koma og fjalla um andlegar breytingar foreldra tengt meðgöngu og fæðingu og mun hún koma inn á þátt beggja foreldranna í þessu mikilvæga hlutverki. Hvetjum við alla til að koma og hlusta á skemmtilegt umræðuefni og fá sér kaffi og kökur. Fundurinn hefst kl. 9:00 í Myllubakkaskóla. Viljum við svo að endingu minna á mánaðarlegu ræðufundina fyrsta mánudag í hverjum mánuði í anddyri heilsugæslustöðvarinnar (í Keflavík) og munum við taka upp létt ræðu um eitthvað ákveðið mál efni.

Stjórinn



Helgi Eiríksson, Hjálmar Árnason og Ásgerður Búadóttir við listaverkið Geisladagar. Ljósrm.: hbb

Geisladagar í Fjölbraut

Nýtt vefnaðarlistaverk, Geisladagar, eftir Ásgerði Búadóttur var formlega afhent Fjölbrautaskóla Suðurnesja á mánudaginn að viðstöddum listamanninum, skólameistara, kennurum og nemendum FS.

Helgi Eiríksson, sem á sæti í listskreytinganefnd

kennara Fjölbrautaskólans, lýsti forsögu þess að ákveðið var að kaupa listaverkið og listamaðurinn Ásgerður Búadóttir lýsti verkinu, sem er úr íslenskri ull. Þá tók skólameistari, Hjálmar Árnason, formlega á móti verkinu, sem er kostað af Listskreytingasjóð ríkisins.

Næturvörður

Flug Hótel óskar að ráða næturvörð. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á staðnum.



Hafnargötu 57
Keflavík

Iðnaðarmenn athugið TIL SÖLU

Loftpressa 300 L. Universale 300-40 v.l. Fasa 70 m slanga, plötu byssa, sprautkanna. Hjólsög 1040 V. Fræsari 400 V. Bandfræsari (pússari) Höggborvél stór. Stingsög 400V. Einnig til sölu á sama stað stjórnukíkir með fylgihlutum sem gefur möguleika að nota myndavél til að taka myndir í gegnum hann. Upplýsingar í síma 14823 eftir kl. 18.00.



RAFMAGNS-
VARAHLUTIR

Bíleigendur athugið

ALTERNATORAR
STARTARAR
ÞOKULJÓS
OG MARGT
FLEIRA Í BÍLINN

RAFBÚÐ R.Ó.

Hafnargötu 52 - Sími 13337